

## REGLUGERÐ

### um (49.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í III. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 119/2026 frá 30. apríl 2026, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2449 frá 4. desember 2025 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB að því er varðar aðferðarlýsingar vegna athugana á yrkjum gulrófna, fóðurkál, hrísgrjóna, grænkálshóps, pálmakálshóps, tronchuda-hóps (portúgalskt hvítkál), kínakál, tómata og spínats. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36, frá 28. maí 2026, bls. 226.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 28. maí 2026.*

F. h. r.

**Kolbeinn Árnason.**

\_\_\_\_\_  
*Donika Kolica.*

\_\_\_\_\_  
B deild - Útgáfudagur: 1. júní 2026